

Upplýsingar og upplýsingatækni

Byltingar geta orðið með ýmsum hætti og sumar þeirra gerast hljóðlátlega. Ein slík er upplýsingatæknibyltingin. Í hugum margra gerðist hún bara. Vandinn við hljóðlátar byltingar er sá sami og með þægu börnin, ef ekkert hljóð heyrir hlýtur allt að vera í lagi.

Ýmiss tækni hefur á ótrúlega stuttum tíma orðið sjálfsgöður hluti af daglegu lífi okkar. Hraðar og hraðar koma fram nýjungar sem við tökum fagnandi því þær auðvelda okkur lífið og tilveruna en geta líka búið til ný vandamál. Vélin, bíllinn, flugvélin, síminn, útvarpið, sjónvarpið, reiknivélin, tölvun, internetið farsíminn, snjallsíminn og spjaldtölvun hefur allt verið þróað á rúmum hundruð árum.

Það sem ræður því hvort tæki verður vinsælt eða ekki er hvort það sé gagnlegt og notendavænt. Bloggsíður og samfélagsvefir eins og Facebook og Twitter hafa orðið svona gríðarlega vinsælir því fólk getur notað þá á einfaldan máta til að koma skoðunum sínum á framfæri, haft samskipti við annað fólk, skipst á fréttum og upplýsingum og jafnvel skipulagt byltingar.

Umbótabyltingin sem á sér stað víðsvegar í löndum Norður Afríku og víðar er að einhverju leiti komin til vegna upplýsingaflæðis gegnum miðla sem stjórnvöld gerðu sér ekki grein fyrir að væru jafn öflugir og raun ber vitni. Stjórnvöld höfðu lært að stýra útvarpi og sjónvarpi en aukið aðgengi að frjálsum netmiðlum gerði fólki kleyft að skiptast á upplýsingum. Þegar stjórnvöld áttuðu sig loks á þessu þá heftu þau þessa miðla með því að loka þeim.

Lýðræði er það stjórnarform sem flestir hafa kosið og til að það virki þá skiptir aðgengi að réttum upplýsingum öllu máli. Sá sem situr að sannleikanum og getur stjórnað því hvernig sagt er frá honum hefur völd. Þess vegna er svo erfitt að brjótast úr viðjum vanans og opna aðgengi að upplýsingum svo allir hafi jafnt aðgengi og geti tekið upplýsta ákvörðun því þá hefur maður ekki lengur vald til að stjórna öðrum til að komast að sömu niðurstöðu og maður sjálfur eða hentar manni best.

Við Íslendingar höfum tekið tæknibyltingunni fagnandi. Samkvæmt alþjóðlegum mælingum erum við meðal tæknivæddustu þjóða heims þegar kemur að upplýsingatækni og í mörgum atriðum stöndum við fremst. Samkvæmt skýrslu Hagstofu sem nefnist *Notkun heimila og einstaklinga á tölvum og neti 2010* (<http://www.static.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=11429>) voru 93% heimila með eina eða fleiri tölvur og 92% voru nettengd. 96% á aldrinum 16-75 ára höfðu notað tölvu síðustu þrjá mánuði fyrir könnunina og 95% tengdust netinu. Rúmlega 90% nota tölvupóst reglulega, 70% samfélagssíður eins og Facebook og Twitter og nærri 50% höfðu notað spjallsíður eða spjallforrit eins og MSN. Upplýsingatæknin er því komin til að vera og mun halda áfram að þróast og verður enn stærri hluti af okkar daglega lífi og því sem við teljum til mannlegra réttinda. Stjórnarskráin verður því að taka á réttindum fólks til aðgengis að upplýsingum og upplýsingamiðlum.

Íslendingar yrðu ekki fyrstir til að til að taka á þessu mikilvæga máli:

- Stjórnarskrá Ecuador (2008):

„SECTION THREE

Information and communication

Article 16. All persons, individually or collectively, have the right to:

- 1. Free, intercultural, inclusive, diverse and participatory communication in all spheres of social interaction, by any means or form, in their own language and with their own symbols.*
- 2. Universal access to information and communication technologies.*
- 3. The creation of media and access, under equal conditions, to use of radio spectrum frequencies for the management of public, private and community radio and television stations and to free bands for the use of wireless networks.*
- 4. Access and use of all forms of visual, auditory, sensory and other communication that make it possible to include persons with disabilities.*
- 5. Become part of participation spaces as provided for by the Constitution in the field of communication.“*

- Sérstaklega ber að skoða 2. lið greinarinnar sem segir í lauslegri þýðingu „[Allir... hafa rétt á] alheims aðgengi að upplýsingum og samskiptatækni“.

- Finnar skilgreina í lögum rétt fólks til aðgengis að hraðvirku netsambandi og tiltaka lágmarks hraða (1MB) og setja framtíðarviðmið (100MB árið 2015).
- Sameinuðu þjóðirnar hvetja til þess að aðgengi að internetinu verði hluti af almennum mannréttindum. Samkvæmt upplýsingum af Wikipedia (http://en.wikipedia.org/wiki/Right_to_Internet_access) hafa Eistlendingar, Frakkar, Finnar, Grikkir og Spánverjar þegar innleitt slíkt ákvæði og líklega fleiri því Ecuador er ekki með í upptalningunni.
- Á þjóðfundi komu fram kröfur um upplýsingafrelsi sem stjórnlaganefndin tekur fyrir í skýrslu sinni (fyrra bindi, bls 85, 2. málsgrein):

„Rædd voru ýmis sjónarmið um að stjórnarskráin endurspegli betur mikilvægi upplýsingafrelsis og stöðu frjálsra og sjálfstæðra fjölmiðla í lýðræðissamfélagi. Settir eru fram valkostir um fjölmiðlafrelsi, sérstaka vernd heimildarmanna fjölmiðla og sjálfstæðra fjölmiðla. Rök gegn því að bæta inn ákvæði af þeim toga eru þó helst að ekki sé brýn þörf á að taka út og setja inn í stjórnarskrá þessi sérstöku atriði úr margþættri starfsemi fjölmiðla. Fremur ætti að tryggja rétt fjölmiðla í ítarlegri reglum í almennum lögum. Auk þess getur orkað tvímælis að lýsa yfir vernd „sjálfstæðra“fjölmiðla, enda getur verið matskennt hvenær fjölmiðill telst vera sjálfstæður. Til að undirstrika gagnsæi í stjórnýslunni leggur nefndin til að fram komi í stjórnarskrá meginregla um rétt almennings til aðgangs að upplýsingum hjá stjórnvöldum.“

- Hvergi er minnst á upplýsingatækni, internet eða rafræna miðla í skýrslunni. Orðið tækni kemur allvíða fyrir en hvergi í þessu samhengi. Við leit á vef Alþingis kemur orðið upplýsingatækni einungis fyrir í tillögu að frumvarpi

forsætisráðherra til upplýsingalaga. Í því frumvarpi er ekki fjallað um rétt fólks til aðgengis að interneti eða upplýsingatæknimiðlum.

Netveitur eru stundum nefndar fjórða veitan í samhengi við rafmagns-, hita- og vatnsveitur. Flestum þykir sjálfsagt að hafa aðgengi að þessum þremur veitum en stutt er síðan að svo var ekki. Eins er talað um fjölmiðla sem fjórða valdið. Fjölmiðlar hafa í síauknum mæli flutt allavega hluta af starfsemi sinni yfir á netmiðla og því mætti kalla netmiðlana fimmta valdið því fyrir utan fjölmiðlana þá er vald bloggara og samfélagssíða mjög mikið. Upplýsingatækni er því orðin hluti af samfélagi okkar og telst til mannréttinda sem mætti orða svo í mannréttindakafla stjórnarskrárinnar:

„Aðgengi að upplýsingatækni má ekki hindra með neinum hætti.

Öllum heimilum og stofnunum skal tryggt aðgengi að öruggu [og hraðvirku] netsambandi.

Öll gögn sem safnað er af opinberum stofnunum eða fyrir opinbert fé skulu vera aðgengileg nema ef sérstök rökstudd ástæða sé til að vernda þau.“

Útskýringar:

- Fyrsta málsgrein kemur í veg fyrir að upplýsingaflæði sé stjórnað eða stöðvað hvort sem er af opinberum aðilum, fyrirtækjum og stofnunum eða einstaklingum. Með upplýsingatækni er átt við útvarp, sjónvarp, internet og hverri þeirri rafrænu tækni sem hönnuð er til að miðla upplýsingum.
- Önnur málsgrein tryggir öllum aðgengi að netsambandi. Ekki er hægt að verja þann kostnað að koma á nettengingu í öll sumarhús svo dæmi sé tekið. Hins vegar verða öll hús þar sem fólk er skráð með lögheimili eða fyrirtæki eru skráð með rekstur að hafa möguleika á nettengingu. Með öryggi er átt við að bilanir séu lagfærðar eins fljótt og auðið er og að uppitími sé hámarkaður. Hraðvirkt er sett í hornklofa því það þarf að skoða það vel hvaða afleiðingar það hefur í för með sér að setja inn slíkt ákvæði og einnig mætti orða þetta öðruvísi. Tryggja verður að ekki dugi að láta fólk fá hægvirka tengingu heldur verður að fylgja tækniframförum eftir bestu getu og að hægt sé að notast við þá tækni sem sjálfsögð þykir hverju sinni (t.d. að örugglega sé hægt að hlusta og horfa á fréttir í gegnum netið).
- Gögn sem safnað er fyrir skattpeninga almennings eru eign þjóðarinnar og hrá gögn eiga að vera ókeypis og aðgengileg nema ef sérstakar ástæður liggja að baki því að banna aðgengi s.s. þjóðarhagsmunir eða persónuverndarsjónarmið. Þriðja málsgreinin er til að sporna gegn þeim leiða vana að flest opinber gögn eru lokuð nema sérstaklega sé rökstutt að þau skuli vera opin. Stofnanir og fyrirtæki geta þó rukkað eðlilegt gjald fyrir umfram þjónustu t.d. vegna úrvinnslu gagna eða fyrir þjónustu við að gera þau aðgengilegri s.s. með gagnvirkni á heimasíðu.